

Hinn 10. júlí þ. á. var áfrýjanda veittur frestur til vitnaleiðslu til 11. september þ. á. og síðan framhaldfrestur til 16. þ. m. Þá lagði áfrýjandi fram framhald sóknar í málinu en engar vitnagerðir. Þá fékk umboðsmaður hinna stefndu viku frest til andsvara. Er málið þvinæst var tekið fyrir 23. þ. m. bað áfrýjandi, svo sem fram hefir verið tekið, enn um 6 vikna frest til vitnaleiðslu, og getur sú frestbeðni eigi staðið í sambandi við hin síðast framlögðu varnargögn, með því þar er engum nýjum málsástæðum haldið fram.

Með því áfrýjandi hefir engin fullnægjandi rök fært fyrir því, að henni hafi ekki nægt frestir þeir, er henni hafa verið veittir frá 10. júlí til 16. okt., eða alls 14 vikur, til að koma fram fyrirhuguðum vitnaleiðslum í Árnes- og Rangárvallasýslum, verður hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu eigi veittur gegn mótmælum stefndu, en áfrýjanda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

#### Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu verður eigi veittur, en áfrýjanda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Mánudaginn 6. nóvember 1916.

Nr. 20/1916.

Þorvarður Þorvarðarson  
gegn  
Stefáni Guðmundssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Þorvarður Þorvarðarson prentsmiðjustjóri hér í bæ fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn Stefáni Guðmundssyni bónda í Vörsabæjarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi til greiðslu á 2800 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1913, svo krafðist hann og málskostnaðar eftir mati réttarins. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 28. jan. þ. á. var málinu ráðið til lykta á þá leið, að stefndi var sýknaður af kærum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. marz þ. á. og gert hér fyrir réttinum sömu kröfu eins og fyrir undirréttnum svo og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi. — Frá annari hálfu hefir stefndi Stefán Guðmundsson krafist þess, að verða algerlega sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu, það er að segja að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, en til vara hefir hann krafist þess, að úrslit málsins verði látin koma undir eið, þannig að hann verði sýknaður, ef hann synjar fyrir það með eiði að hann nokkru sinni hafi verið sér þess meðvitandi að hann hafi tekið að sér eða ætlað að taka að sér umstefnda veðskuld 2800 krónur til áfrýjanda og hann staðfestir það með eiði að hann hafi handsalað nafn sitt undir umboð til sölu á Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi einungis í þeirri trú,



·að slíkt umboð væri nauðsynlegt til að sýna að hann sem 1. veðhafi væri væntanlegri sölu á jörðinni samþykkur og að hann með þessari undirskrift aldrei hafi hugsað eða ætlað að taka á sig nokkra ábyrgð á greiðslu veðskuldarinnar til áfrýjanda.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á veðskuldarbréfi útgefnu 15. jan. 1913 af Guðmundi nokkrum Magnússyni fyrir 2800 kr. með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir 3000 kr. 1. veðrétti í jörðinni Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi, en veðskuldarbréf þetta hefir áfrýjandi fengið framselt til eignar 13. febr. 1913. Heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi tekið að sér að greiða veðskuld þessa þá er hann eignaðist hina veðsettu jörð Leiðólfsstaði með afsalsbréfi nefnds Guðmundar Magnússonar dags. 12. jan. 1915, en í afsalsbréfi þessu, sem ekki hefir verið þinglesið, segir að kaupandi, Stefán Guðmundsson, hafi tekið að sér að greiða skuldabréf það, er hér um ræðir, að upphæð 2800 kr. — Veðið hefir síðan verið selt til fullnustu 1. veðrétti og hefir ekkert fengist upp í umstefnda skuld, en áfrýjandi heldur því fram að stefndi beri engu að síður ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, með því hún hafi orðið hans skuld um leið og hann varð eigandi jarðarinnar.

Stefndi heldur því hins vegar fram að hann hafi í rauninni ekki orðið eigandi umgetinnar jarðar, Leiðólfsstaða, því hann hafi neitað að taka á móti afsalinu, þegar hann sá að þar með fylgdi skuldbinding til að taka að sér greiðslu á umstefndri skuld. Að visu hefir stefndi 14. jan. f. á. gefið út umboð til þriðja manns til að semja um kaup á eignarjörð minni

Leiðólfssstöðum, en þetta umboð telur stefndi ekki gefið vegna þess að hann teldi sig eiganda jarðarinnar, heldur hafi hann gefið það einungis í þeirri trú að slíkt umboð væri nauðsynlegt til þess að sýna að hann sem 1. veðhafi væri sölu á jörðinni samþykkur, en jafnframt hafi hann tekið það skýrt fram, að hann tæki enga ábyrgð á greiðslu 2800 kr. skuldarinnar. Loks hefir stefndi hér fyrir réttinum haldið því fram, að umrætt afsal Guðmundar Magnússonar hafi verið markleysa ein, með því að hann hafi enga þúfu átt í jörðinni eftir fardaga 1914, er hann flutti af henni.

Eftir skýrslum málsaðila og gögnum málsins yfirleitt verður það að teljast viðurkennt, að stefndi hafi ekki beint tekið að sér að greiða hina umstefndu skuld, hvorki með áritun á sjálft skuldabréfið eða með annari beinni viðurkenningu til áfrýjanda, en þá kemur til álita hvort stefndi hafi með aðferð sinni að öðru leyti, sérstaklega með því að láta afhendi umboðið frá 14. jan. f. á. í sambandi við afsalið, óbeint skuldbundið sig persónulega til að greiða hina umstefndu skuld.

Áfrýjandi hefir ekki hnekt skýrslu stefnda um það, að hann við móttöku afsalsins hafi neitað að taka að sér skuldina til áfrýjanda, og með því að hún að öðru leyti styðst við það, sem fram er komið í málinu um tilorðingu afsalsins og umboðsins, verður að leggja hana til grundvallar í málinu, en það atvik að stefndi tók við afsalinu virðist útaf fyrir sig ekki nægilegt til að baka honum persónulega ábyrgð á greiðslu hennar, þar sem hann gerði



það með áminstu fororði, og með því hvorki er afsalið þinglesið né neitt ritað á skuldabréfið um ábyrgð stefnda, verður ekki álitid að áfrýjandi hafi öðlast neinn rétt á hendur stefnda persónulega til greiðslu hinnar umstefndu skuldar.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, en rétt virðist að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi Þorvarður Þorvarðarson greiði stefnda Stefáni Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 38/1916:

Magnús Gíslason f. h.  
Jakob Lützen  
gegn  
St. Th. Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn yfirdómsmálaflutningsmaður Magnús